

Nd.

345. Frumvarp til laga

[174. mál]

um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á innstæðufé, er Landsbanki Íslands kann að eignast í löndum þessum vegna útfluttra afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdráttar á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum.

2. gr.

Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um notkun ábyrgðarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Talsvert af utanríkisverzlun landsins er nú við lönd, sem verzla eingöngu á jafnvirðis- eða vöruskiptagrundvelli. Andvirði útflutningsins til þessara landa er aðeins hægt að nota til vörukaupa í sömu löndum. Þar eð útflutningur fiskafurða er árstíðabundinn og óstöðugur, myndast iðulega tiltölulega háar innstæður og skuldir á bundnum reikningum Landsbankans í umræddum löndum. Hefur Landsbankinn ekki talið sér fært að annast þessi gjaldeyrisviðskipti á venjulegan hátt, nema ríkissjóður ábyrgist þau. Var þannig ábyrgð tekin á viðskiptum bankans við Tékkóslóvakíu 1946 og við Pólland 1948. Ríkisstjórnin álitur slíka ábyrgð nauðsynlega til þess að viðskiptin við þessi lönd geti gengið greiðlega og farið fram á venjulegan hátt. Er því farið fram á heimild Alþingis fyrir því, að ríkissjóður megi taka ábyrgð á reikningum Landsbankans í þessum löndum.